

Þingsetning.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Jón Hákon Bjarnason var einróma kosinn fundarstjóri og Reinharð Reinharðsson ritari þingsins.

Kosnar fastar nefndir.

- a. Kjörbréfanefnd.
Halldór Svavarsson og Reinharð Reinharðsson.
- b. Fjárlaganefnd.
Indriði Jónsson, Jón Ingi Þorvaldsson og Sigurbjörn Jónsson.
- c. Laga- og leikreglanefnd.
Gunnlaugur Sigurðsson, Reinharð Reinharðsson og Pétur Ragnarsson.
- d. Allsherjarnefnd.
Ólafur Wallevik, Jón Ingi Þorvaldsson og Ásdís Elvarsdóttir.
- e. Kjörnefnd.
Halldór Svavarsson, Gunnlaugur Sigurðsson og Jón Hákon Bjarnason.

Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Ólafur Wallevik, formaður KAÍ, flutti skýrslu stjórnar.
Ávarp formannsins er birt í heild sinni í ársskýrslu stjórnar.

Fulltrúi ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, ávarpaði þingið.

Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Indriði Jónsson gjaldkeri KAÍ lagði fram endurskoðað reikninga sambandsins til samþykktar.
Reikningarnir eru birtir í heild í ársskýrslu stjórnar.

Reikningarnir voru samþykktir einróma.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Samþykkt var að vísa fjárhagsáætluninni til fjárlaganefndar.

Tillögur um breytingar á lögum og leikreglum.

Lagðar voru fram tvær tillögur að breytingum á Reglum um Íslandsmót.
Lögð var fram tillaga að lagabreytingu á Lögum Karatesambands Íslands.
Samþykkt var að vísa þeim til laga- og leikreglanefndar.

Aðrar tillögur og önnur mál.

Engin mál voru lögð fram.

Málum og tillögum vísað til nefnda.

Fundarstjóri vísaði málum til nefnda. Nefndir fjalla um tillögurnar í þinghléi.

ÞINGHLÉ

Nefndarálit.

Kjörbréfanefnd.

Halldór Svavarsson, formaður kjörbréfanefndar, lýsti alla fulltrúa á Karateþingi lögmæta.

Laga- og leikreglanefnd.

Reinharð Reinharðsson kynnti tillögur nefndarinnar til lagabreytinga:

8. gr

liður

14. Val 2ja fulltrúa á Íþróttáþing og 2 til vara.

verði

14. Val fulltrúa á Íþróttáþing.

liðir

15. Kjör karateljósmyndar ársins að tillögu stjórnar.

16. Þinggerð lesin og staðfest.

falli niður

og liður

17. Þingslit.

verði

15. Þingslit.

Hann kynnti einnig tillögur nefndarinnar um breytingar á Reglum um Íslandsmeistaramót.

I. 6. gr Í kata skulu vera 3 dómarar, en 4 dómarar í kumite.

verði:

Í kata skulu vera 3 eða 5 dómarar, en 4 dómarar í kumite.

Samþykkt samhljóða.

II. 8. gr.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata barna 6 ára og yngri.

Kata barna 7 ára.

Kata barna 8 ára.

Kata barna 9 ára.

Kata barna 10 ára.

Kata krakka 11 ára.

Kata krakka 12 ára.

Hópkata krakka 8 ára og yngri.
Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.
Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

verði:

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata barna 7 ára og yngri.
Kata barna 8 ára.
Kata barna 9 ára.
Kata barna 10 ára.
Kata krakka 11 ára.
Kata krakka 12 ára.
Hópkata krakka 7 og 8 ára.
Hópkata krakka 9 og 10 ára.
Hópkata krakka 11 og 12 ára.
Samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.

II. 8. gr.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur bera a.m.k. 9. kyu

verði:

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta.

Samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

Fjárhagsnefnd.

Indriði Jónsson, formaður fjárlaganefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Fjárhagsáætlun 2004

Tekjur	Starfsárið 2004	rauntölur 2003
Aðildarfélög	260.000	256.400
Lottóstyrkur	1.300.000	1.279.550
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	620.000	843.929
Mótahald	390.000	392.900
Annað	20.000	15.996
	2.590.000	2.788.775

Gjöld

Mótahald	500.000	476.348
Landsliðsþjálfari	500.000	463.085
Landslið		
- kumite	1.000.000	884.861
- kata	450.000	
- landskeppni	490.000	
Kynningarmál	250.000	189.878

Námskeið	150.000	
Rekstur skrifstofu	140.000	133.105
Annað	160.000	167.462
	3.600.000	2.314.739
	- 1.000.000	474.036
Meðlimagjald	200	

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd.

Ásdís Elvarsdóttir, formaður nefndarinnar, kynnti eitt mál sem nefndin hafði tekið upp hjá sér um klæðnað á mótum á vegur Karatesambandsins. Mælt er til þess að Mótanefndin útvegi starfsfólki á mótum KAÍ boli merkta sambandinu og að aðrir séu ekki í þeim. Einnig lagði nefndin til að dómara fengju bindi merkt sambandinu til að hafa á mótum á vegum þess.

Kjörnefnd:

Halldór Svavarsson, formaður nefndarinnar, lagði til að tveir nýir menn kæmu í stjórn og varastjórn í stað tveggja sem ekki gáfu kost á sér aftur. Í stjórn verði:

Ólafur Wallevik, formaður
Halldór Svavarsson, varaformaður
Indriði Jónsson, gjaldkeri
Reinhard Reinhardsson, ritari
Gunnlaugur Sigurðsson, meðstjórnandi

Einn varamaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Nefndin stakk upp á Guðmundi ?syni í hans stað.

Endurskoðendur verði endurkjörmir.

Önnur mál.

Halldór Svavarsson kynnti Icelandic Open sem stefnt er að halda haustið 2005 í tilefni af 20 ára afmæli sambandsins.

Gunnlaugur Sigurðsson bað um aðstoð frá stjórn sambandsins til að geta haldið Íslandsmeistaramót í Íþróttahúsi Hauka en ekki var hægt að halda mót í ár hjá þeim sökum tregðu stjórnarmann Hauka. Jón Hákon Bjarnason kynnti tillögu sína til stjórnar KAÍ um breytt fyrirkomulag á ÍM í kumite þar sem hefðbundin undanúrslit yrðu í íþróttahúsi en öll úrslit viku síðar í sýningarsal með öflugri umgjörð og sjónvarpsvænni.

Einnig stakk hann upp á að fá erlendan dómara til að vera yfirdómara á mótinu og halda dómaranámskeið um leið fyrir dómara á Íslandi. Þetta gæti orðið góður undirbúningur fyrir dómara að fá alþjóðaréttindi. Nokkrar umræður urðu um málin.

Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði. Stjórnin var endurkjörin einróma með lófataki. Í stjórn KAÍ eru því:

Ólafur Wallevik, formaður
Halldór Svavarsson, varaformaður
Indriði Jónsson, gjaldkeri
Reinhard Reinhardsson, ritari
Gunnlaugur Sigurðsson, meðstjórnandi

Tillaga kjörnefndar um varamenn í stjórn var samþykkt einróma með lófataki.
Í varastjórn eru því:

Jón Ingi Þorvaldsson
Perla Thorsteinson
Guðmundur ?son

Tillag kjörnefndar um að endurskoðendur var samþykkt einróma með lófataki.
Endurskoðendur reikninga KAÍ eru því:

Helgi Jóhannesson
Jón Ingi Þorvaldsson

Kjör 5 manna í aganefnd og 3 til vara.

Tillaga kjörnefndar var að Gretar Örn Halldórsson kæmi í stað Ólafs Helga Hreinsonar sem ekki gaf kost á sér áfram. Aganefnd var kjörin einróma.
Í henni eru:

Ásmundur Ísak Jónsson
Gretar Örn Halldórsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Magnús Kr. Eyjólfsson.
Vincente Carrasco

Val fulltrúa á Íþróttabing.

Ákvörðuninni var vísað til stjórnar.

Kjör karateljósmyndar ársins.

Samþykkt einróma að fresta þessum lið.

Þinggerð lesin og samþykkt.

Lagt var til að þessum lið yrði frestað og ritari þingsins sendi þinggerði til undirritunar og hún yrði síðan send til félaganna eftir samþykki. Samþykkt einróma.

Þingslit.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik, þakkaði starfmönnum þingsins vel unni störf og þakkaði öllum þingfulltrúum fyrir samstarfið á þinginu og óskaði þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Hann sleit því næst 17. karateþingi.

Þingritari,

Reinharð Reinharðsson.

Þinggerð samþykkt og undirrituð:

Jón Hákon Bjarnason